Framkvæmd



Ábyrgð og framkvæmd

1. Eftirlitsmaður (em) skoðar fyrri skýrslur, aflar sér upplýsinga um samskiptaaðila og starfsstöð og starfsemi fyrirtækisins í eftirlitskerfi. Hann kynnir sér nýleg samskipti við starfsstöðina vegna eftirlits og/eða úrbóta í málaskrá sem og öðrum kerfum sem tengjast viðkomandi starfsemi. Em kynnir sér eftirlitsáætlun – LEMA um áherslur í eftirliti og undirbýr skoðun samkvæmt því.

2. Eftirlit er framkvæmt í samræmi við lýsingu í kafla 1 í eftirlitshandbókum fyrir matvæli, fóður og frumframleiðslu. Farið er yfir athugasemdir úr fyrri eftirliti, jafnt frávik (F) sem alvarleg frávik (AF) og athugað hvort þau hafi verið lagfærð eða séu “undir stjórn”. Fara skal yfir starfsemi starfsstöðvarinnar m.t.t. þeirra þátta er geta haft áhrif á áhættumat og viðbótareftirlit. Em færir breytingar inn í upplýsingar um starfstöð í eftirlitskerfi. Eftirlit er framkvæmt í fyrirtækinu í samræmi við áhættumat og eftirlitsáætlun sem er í gildi og eftirlitshandbók. Skýrsla er skráð í eftirlitskerfi í samræmi við kafla 1 í eftirlitshandbókum.

Ef aðstæður eru þannig að grípa þurfi til aðgerða strax er unnið skv. VLY-051.

3. Skýrsla er send út á island.is strax að lokinni skoðun til fyrirtækisins. Ef ræða þarf niðurstöður eftirlits við teymi, næsta yfirmann eða sérgreinadýralækni er skýrslu haldið opinni og tekin skal afstaða til vafaatriða í síðasta lagi innan virkra 7 daga eftir að skoðun fór fram.

4. Sé um eftirfylgni að ræða kemur áætluð dagsetning eftirfylgniskoðunar fram á skýrslu.

Ef tilmælum um lagfæringu á athugasemdum er ekki sinnt er eftirfylgni framkvæmd samkvæmt kafla ´Eftirfylgni – þvingunaraðgerðir´ í eftirlitshandbók. Ef um er að ræða eftirlit í frumframleiðslu skal samráð haft við sérgreinadýralækni tegundar áður en ákvörðun er tekin um lokafrest eða vísun máls til Ad hoc teymis í samræmi við kafla 1.4.2 í eftirlitshandbók.

Sé úrbótum ekki sinnt að liðnum lokafresti er gripið til þvingunar- og/eða refsiaðgerða sbr. tl. 5.

Ef um er að ræða grun um refsivert brot á velferð dýra er unnið skv. kaflanum ´Eftirfylgni - þvingunaraðgerðir og refsing´ í eftirlitshandbókum. Í slíkum tilvikum er farið með möntruna sbr. EBL-009.

5. Við beitingu þvingunarúrræða vinnur Ad hoc teymi í samræmi við VRF-022 eða VRF-037 (og tengd skjöl) allt eftir eðli eftirlitsins.